

## SAMÞYKKT

### um Heilbrigðiseftirlit Kjósarsvæðis.

#### 1. gr.

##### *Markmið og hlutverk.*

1.1 Heilbrigðiseftirlit Kjósarsvæðis, skammstafað HKJ, er byggt á samstarfi þriggja sveitarfélaga, Kjósarhrepps, Mosfellsbæjar og Seltjarnarnesbæjar. Heimili þess og varnarþing er að Þverholti 2, Mosfellsbæ.

1.2 Um fyrirkomulag stjórnar, starfsmanna, starfssvæðis og framkvæmd fer skv. lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. Heilbrigðisnefnd Kjósarsvæðis sem fer með yfirstjórn HKJ, ber að sjá um að framfylgt sé ákvæðum laga og reglugerða settra samkvæmt þeim, samþykktum sveitarfélaga og ákvæðum í sérstökum lögum eða reglum sem nefndinni er eða kann að vera falið að annast framkvæmd á. Nefndin skal vinna að bætta heilbrigðiseftirliti á svæði sínu, annast fræðslu fyrir almenning og efla samvinnu við önnur yfirvöld og aðila sem vinna að þessum málum.

#### 2. gr.

##### *Um skipan heilbrigðisnefndar.*

2.1 Heilbrigðisnefnd er skipuð eftir sveitarstjórnarkosningar á fjögurra ára fresti með eftirfarandi hætti:

- Kjósarhreppur tilnefnir einn fulltrúa í heilbrigðisnefnd.
- Mosfellsbær tilnefnir two fulltrúa í heilbrigðisnefnd.
- Seltjarnarnesbær tilnefnir two fulltrúa í heilbrigðisnefnd.
- Samtök atvinnulífs tilnefna einn fulltrúa í heilbrigðisnefnd.

Ofangreindir fulltrúar hafa málfrelni, tillögu- og atkvæðisrétt. Auk þess á fulltrúi í náttúruverndarnefnd sveitarfélags rétt til setu í nefndinni en hefur ekki atkvæðisrétt.

2.2 Framkvæmdastjóri í samráði við formann heilbrigðisnefndar útbýr dagskrá heilbrigðisnefndarfunda. Fundargögn eru vistuð jafnóðum á miðlægu svæði sem er aðgengilegt heilbrigðisnefnd. Fundir eru boðaðir ef þörf krefur að mati heilbrigðisnefndar eða ef eitt aðildarsveitarfélaga krefst þess skriflega.

2.3 Fundargerðir og fundarsamþykktir heilbrigðisnefndarfunda skal færa í sérstaka fundargerðabók. Ef fundargerð er skrifuð í tölvu skulu allir fundarmenn kvitta undir fundargerðina og auk þess skulu þeir setja upphafsstafi sína á hverja blaðsíðu. Fundargerð skal lesin upp í fundarlok og borin undir atkvæði ef þess er kostur en heimilt er að fela fundarstjóra og fundarritara að ganga frá fundargerðinni. Að fundi loknum er fundargerð ásamt fundargögnum send til aðildarsveitarfélaga til upplýsingar.

#### 3. gr.

##### *Um stjórn og starfslið.*

3.1 Heilbrigðisnefnd Kjósarsvæðis er málsvari HKJ og framfylgir samþykktum nefndarfunda. Heilbrigðisnefndin vinnur að stefnumarkandi málum og gerir tillögur um ný mál. Heilbrigðisnefndin fer jafnframt með yfirstjórn á rekstri HKJ og ber ábyrgð á að rekstur sé innan þeirra fjárheimilda sem sveitarfélög hafa samþykkt.

3.2 Heilbrigðisnefndarfundi skal halda eftir þörfum en eigi sjaldnar en sex sinnum á ári og er nefndarfundur ályktunarhæfur sé meiri hluti nefndarinnar mættur.

3.3 Heilbrigðisnefnd ræður framkvæmdastjóra, markar starfssvið hans og launakjör og gerir við hann skriflegan ráðningarsamning. Framkvæmdastjóri ræður aðra starfsmenn. Heimild nefndarinnar þarf að liggja fyrir, ef um fjölgun stöðugilda er að ræða. Um starfskjör starfsmanna HKJ fer samkvæmt ákvæðum kjarasamninga og ráðningarsamnings.

3.4 Framkvæmdastjóri veitir Heilbrigðiseftirliti Kjósarsvæðis forstöðu og annast framkvæmd málefna eftir því sem heilbrigðisnefnd ákveður og hefur á hendi, fjármálastjórn og starfsmannastjórn. Framkvæmdastjóri á sæti á heilbrigðisnefndarfundum.

3.5 Framkvæmdastjóri skal að jafnaði boða heilbrigðisnefndarfundi í samráði við formann nefndarinnar. Telji formaður stjórnar að óeðlilegur dráttur sé á fundarboðun, getur hann hlutast til um fundarboðunina. Framkvæmdastjóra er skylt að leggja fyrir heilbrigðisnefnd allar stefnumarkandi ákvarðanir.

3.6 Heilbrigðisnefnd setur starfsmönnum starfslysingar og skulu þær vera opinberar á heimasíðu Heilbrigðiseftirlits Kjósarsvæðis. Framkvæmdastjóri ber ábyrgð á að unnið sé skv. starfslysingum.

#### 4. gr.

##### *Um embættisafgreiðslur Heilbrigðiseftirlits Kjósarsvæðis.*

4.1 Framkvæmdastjóra Heilbrigðiseftirlits Kjósarsvæðis er heimilt að gefa út eftirfarandi starfsleyfi samkvæmt heimild í 10. gr. laga nr. 58/2019 um breytingu á lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir, lögum um meðhöndlun úrgangs og lögum um meðferð elds og varnir gegn gróðureldum (stjórnavaldssektir o.fl.), sbr. 48. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir:

- Framkvæmdastjóra er heimilt að gefa út starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem talinn er upp í X. viðauka reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit með síðari breytingum, sbr. lög um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998 með síðari breytingum. Þegar athugasemdir berast við drög að starfsleyfi skal framkvæmdastjóri leggja málid í hendur formanns sem ákveður hvort eigi að leggja þær fyrir heilbrigðisnefnd til afgreiðslu eða hvort framkvæmdastjóri afgreiði starfsleyfið eftir sem áður.
- Framkvæmdastjóra er heimilt að gefa út starfsleyfi til stofnana og fyrirtækja í samræmi við 6. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998 með síðari breytingum.
- Framkvæmdastjóra er heimilt að gefa út starfsleyfi fyrir hönd nefndarinnar í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 103/2010 um gildistöku reglugerðar Evrópuþingsins og -ráðsins (EB) nr. 852/2004 um hollustu er varða matvæli með síðari breytingum og ganga að fullu frá þeim milli funda ef skilyrðum fyrir starfsleyfi er að fullu mætt.
- Framkvæmdastjóra er heimilt að gefa út tóbakssöluleyfi fyrir hönd nefndarinnar skv. lögum nr. 6/2002 um tóbaksvarnir og ganga frá þeim milli funda ef skilyrðum fyrir sölu tóbaks er að fullu mætt.

4.2 Starfsmenn heilbrigðiseftirlits sjá um að gefa sýslumannni umsagnir um rekstrarleyfi fyrir veitinga- og gististaði skv. 10. gr. laga um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald nr. 85/2007 með síðari breytingum í umboði heilbrigðisnefndar samkvæmt heimild í 48. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

4.3 Starfsmönnum heilbrigðiseftirlits er falið að svara erindum og bréfum f.h. nefndarinnar. Framkvæmdastjóri sér jafnframt um að vinna umsagnir um teikningar og skipulagstillögur frá sveitarstjórnunum sem og samþykkir sveitarfélaga skv. lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998 með síðari breytingum.

4.4 Framkvæmdastjóri getur ávallt vísað málum skv. 4.1 – 4.3 til afgreiðslu heilbrigðisnefndar. Ef ætla má að aðili máls muni ekki sæta niðurstöðu starfsmanna heilbrigðiseftirlits skal hann vísa málínu til afgreiðslu heilbrigðisnefndar. Um mál sem orka tvímælis, t.d. umsóknir um starfsleyfi þar sem skilyrðum er ekki að fullu mætt, en mál þola ekki bið, er framkvæmdastjóra falið að afgreiða mál að höfðu samráði við formann heilbrigðisnefndar, svo framarlega sem þessir aðilar eru sammála um afgreiðsluna. Jafnframt er heimilt að leita samþykkis heilbrigðisnefndar með tölvupósti í einstaka málum ef tilefni er til. Ella skal kalla saman heilbrigðisnefndarfund.

4.5 Framangreindar afgreiðslur starfsmanna skulu lagðar fram til kynningar á næsta reglulega fundi heilbrigðisnefndar.

#### 5. gr.

##### *Um árgjöld.*

5.1 Við kostnaðarskiptingu skal miða við að allar tekjur af eftirlitsskyldri starfsemi á svæðinu renni í sameiginlegan sjóð til greiðslu rekstrarkostnaðar heilbrigðiseftirlits á svæðinu. Sá kostnaður sem eftirlitsgjöld standa ekki undir greiðist af aðildarsveitarfélögum í samræmi við íbúafjölda næstliðins árs.

Nr. 1300

18. desember 2019

6. gr.

*Um úrsögn og slit.*

6.1 Um úrsögn og slit fer skv. ákvæðum sveitarstjórnarlaga.

7. gr.

*Um breytingar á samþykktum og gildistökuákvæði.*

7.1 Breyta má samþykkt þessari á heilbrigðisnefndarfundi og skulu tillögur um breytingar á samþykktinni fylgja fundarboði. Tillögur til breytinga á samþykkt skulu sendar heilbrigðisnefndinni minnst tveimur vikum fyrir fund.

7.2 Breyting á samþykkt telst samþykkt, ef hún nýtur stuðnings 2/3 hluta fulltrúa á heilbrigðisnefndarfundi.

7.3 Samþykkt þessi öðlast gildi við samþykki hennar og skal hún auglýst í B-deild Stjórnartíðinda.

*Samþykkt á fundi heilbrigðisnefndar, 18. desember 2019.*

F.h. heilbrigðisnefndar Kjósarsvæðis,

**Þorsteinn Þorsteinsson** framkvæmdastjóri.

---

B-deild – Útgáfud.: 6. janúar 2020